

Upphaflega heitir hann Ljúflings Soldán. Í daglegu tali er hann einfaldlega kallaður Moli og hann svarar því nafni. Hann fæddist 24 maí 2006 og er því 8 ára og hefur unnið í Brúarskóla frá 15 ágúst 2006 þ.e. frá 3 mánaða aldri, geri aðrir betur. Brúarskóli er skóli fyrir börn sem eiga í alvarlegum geðrænum-, hegðunar og/eða félagslegum erfiðleikum. Kennslan fer fram í litlum bekkjum þar sem venjulega eru tveir sérkennarar saman með lítinn bekk. Moli er alltaf til staðar inni í ákveðinni stofu með eiganda sínum og hægt að heimsækja hann til að klappa eða spjalla, einnig koma nemendur þar í kennslustund en þar er kennd myndmennt. Moli er oft „model“ og er notaður sem fyrirmynd í myndmenntakennsluna.

Oft eru hundar betri en fólk því þeir dæma engan og taka öllum fagnandi, skiptir ekki máli hvort viðkomandi er með ADHD, einhverfu, bæði eða önnur veikindi. Það er vinsælt að draga umbunarmiða sem er með mynd af hundi því það þýðir út að ganga með Mola. Það er búið að setja upp baðaðstöðu fyrir Mola í Brúarskóla og þykir nemendum mjög gaman að fá að vera með í að baða, þurrka, snyrta og greiða Mola. Best er þó að kúra, klappa og spjalla við hann. Það er hægt að segja margar sögur af Mola en ég læt þetta nægja í bili.